

Svar

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Höгна Elfari Gylfasyni um farsímasamband.

1. Hversu margir sveitabæir í ábúð hafa ekki farsímasamband?

Ráðuneytið leitaði umsagnar Fjarskiptastofu um fyrirspurn háttvirts alþingismanns og er í svari þessu byggt á umsögn stofnunarinnar.

Í gagnagrunni almennra fjarskipta (GAF) sem Fjarskiptastofa á og rekur eru til nokkuð áreiðanleg gögn um bæði lögheimili með búsetu og frístundahús. „Sveitabæir í ábúð“ og „sumarbústaðir“ er ekki skilgreind flokkun bygginga í GAF. Þar sem sveitabæir í ábúð hljóta jafnframt að teljast til lögheimila með búsetu og sumarbústaðir líklega flestir flokkaðir með frístundahúsum, þá er notast við þá flokkun bygginga í svörum við þessum spurningum. Gögn varðandi lögheimili, búsetu á lögheimilum og frístundahús eru góð að mati Þjóðskrár Íslands en ekki fullkomin. Útbreiðsla farsímakerfa/farneta er jafnframt tiltæk í GAF með þeim skýra fyrirvara þó að um er að ræða samanlagða útbreiðsluspá allra farsíma- og farnetsfyrirtækjanna þriggja fyrir allar kynslóðir farneta (2G/GSM, 3G, 4G og 5G) en ekki niðurstöðu raunmælinga. Greiningar sem þessar byggjast á misnákvæmum gögnum þó að niðurstöður úr útreikningum sem á þeim byggjast gefi nákvæma tölu.

Þá geta aðrir þættir haft áhrif á upplifun notenda á gæðum farsíma- eða farnetsþjónustu. Veggir og gler í húsum hafa mismikil áhrif á radíómerki, loftnet í sínum eru misjafnlega næm, sjónlína í sendi getur verið tæp, svo sem vegna mikils gróðurs o.s.frv. Þá ber að horfa til þess að rekstraraðilar farneta horfa í auknum mæli til þess að skipta út eldri GSM- og 3G-sendum og loftnetum með nýrri 4G- og 5G-búnaði sem getur leitt til breytinga á útbreiðslu eða gæðum farnetsþjónustu.

Eftirfarandi svör taka mið af tveimur sviðsmyndum (A og B) um líklega upplifun notenda á farsíma/farnetsþjónustu við eða í viðkomandi byggingu:

- A. Í einhverjum tilfellum má búast við döpru sambandi innan húss, hins vegar ætti samband að vera nægilega gott utan húss.
- B. Búast má við slitróttu sambandi utan húss og mjög döpru eða engu sambandi innan húss.

Ef miðað er við sviðsmynd A eru 86 lögheimili með búsetu sem ekki hafa farsímasamband í framangreindum skilningi en ef miðað er við sviðsmynd B er um að ræða 13 lögheimili með búsetu sem ekki hafa farsímasamband.

2. Hversu margir sumarbústaðir hafa ekki farsímasamband?

Í framangreindum skilningi og miðað við sviðsmynd A eru 260 frístundahús án farsímasambands en 70 frístundahús ef miðað er við sviðsmynd B.

3. *Er til áætlun um að ljúka farsímavæðingu þessara staða? Ef svo er, hvenær eru áætluð verklok?*

Stjórnvöld hafa um langt skeið stuðlað að því að tryggja öllum lögheimilum með búsetu viðunandi lágmarksfjarskiptajónustu á hverjum tíma á grundvelli laga og reglugerðar um alþjónustu í fjarskiptum. Kvöð um alþjónustu hvíldi lengi vel á Mílu ehf. en Neyðarlínan ohf. tók við því hlutverki fyrir nokkru síðan að tryggja þeim lögheimilum með búsetu a.m.k. 10Mb-internettengingu sem jafnframt ber talsímajónustu, svokallaðan netsíma eða VoiP. Fyrir liggur að 3G-netsamband uppfyllir þetta lágmarksviðmið sem og allar afkastameiri net-tengingar, svo sem örbylgja, 4G, 5G, ljósnet og ljósleiðari. Neyðarlínan hefur á síðustu misserum hlaupið víða undir bagga með heimilum og fyrirtækjum einkum í tengslum við niðurlagningu Símans á talsímajónustu yfir koparlínur um land allt. Það hefur komið fyrir að slík verkefni hafi verið leyst með hagkvæmum úrbótum á farnets sambandi. Í öðrum tilfellum hefur sú leið ekki verið farin, einkum vegna mikils kostnaðar. Rétt er að halda því til haga að stjórnvöld hafa á undanförunum árum stutt dyggilega við lagningu ljósleiðara í dreifbýli landsins með milligöngu fjarskiptasjóðs.

Yfir 99,9% lögheimila landsins eiga þegar kost á 4G-farneti og um 70% hafa jafnframt aðgang að 5G-farneti. Líklegt má telja, á grundvelli nýrra fjarskiptalaga og tíðniúthlutunar Fjarskiptastofu á næsta ári, að aukin samvinna farnetsfyrirtækja og opinberra aðila muni leiða til aukinnar útbreiðslu og/eða betri gæða farnets gagnvart fleiri lögheimilum og frístundahúsum á komandi misserum og árum.